

## 55. fundur

Fimmtudaginn 24. október 2002, var haldinn fundur í atvinnumálanefnd Stykkishólms. Mætt voru: Magnús Bæringsson formaður, Sæþór Þorbergsson, Björgvin Guðmundsson, Þorsteinn Sigurðsson og Sigríður Elisdóttir, sem ritaði fundinn.

Magnús bauð nefndarmenn velkomna og setti fundinn kl. 17:00. Hann lagði til að fastur fundartími yrði framvegis á fyrsta mánuðegi hvers mánaðar kl. 17:00, sem var samþykkt.

### Dagskrá:

#### 1. Atvinnuástand bæjarins

Magnús sagði frá því að skv. upplýsingum frá Stykkishólmsbæ séu nú 8 manns á atvinnuleysisrá, en væntanlega muni 3 bætast við. Engar nýlegar uppsagnir hafa átt sér stað í fyrirtækjunum, en búast megi við að svo verði þegar skelveiðar hætti. Skv. upplýsingum frá Þórsnesi er búist við að skelveiðar verði stundaðar hjá þeim til áramóta og jafnvel eitthvað fram í janúar, en þá taki við vinna við saltfisk. Vonast þeir til að ekki þurfi að segja heimamönnum upp störfum, en pólverjar eru ráðnir hjá þeim til áramóta. Skv. upplýsingum frá Sigurði Ágústssyni ehf. verður veidd skel eitthvað fram í janúar og vinna verði fyrir alla heimamenn eftir að þeim verður hætt.

#### 2. Ástand skelmiða og rannsóknir á þeim

Rætt var um ástand skelmiða og að í vikunni hafi Hafrannsóknastofnun rannsakað ástandið.

*Niðurstaða:* Ákveðið var að óska eftir því við Hafrannsóknastofnun, að hún skili niðurstöðum rannsóknarinnar til nefndarinnar. Magnús tók að sér að hafa samband þess efnis.

#### 3. Atvinnuvegasýning 2003

Rætt var um fyrirhugaða atvinnuvegasýningu á næsta ári og um fund atvinnumálanefndar með Eflingu sem haldinn var fyrir skömmu.

*Niðurstaða:* Ákveðið var að mæla með því að Nadine Walter verði ráðin sem framkvæmdastjóri sýningarinnar, en hún hafi menntun í að setja upp slíkar sýningar og góð meðmæli. Samþykkt var að undirbúningsnefndin, sem skipuð var á umræddum fundi, hefji undirbúningsvinnu, en Sæþór er fulltrúi atvinnumálanefndar í undirbúningsnefndinni.

#### 4. Ferðamál

Fram kom á fyrrgreindum fundi með Eflingu, uppástunga um að ráðinn verði sérstakur ferðamálafulltrúi fyrir Snæfellsnes. Uppástungan var rædd, en nú er starfandi ferðamálafulltrúi fyrir Vesturland, með aðsetur í Stykkishólmi.

Þá lagði Magnús fram minnisblað fyrir bæjarstjórn Stykkishólms er varðar gerð nýrrar stefnumótunar í ferðamálum í Stykkishólmi.

*Niðurstaða:* Ákveðið var að leggja ekki til að ráðinn verði sérstakur ferðamálafulltrúi fyrir Snæfellsnes.

## **5. Fjarnám og möguleikar þess**

Magnús sagði frá því að hann telji sárlega vanta aðstöðu til fjarnáms í Stykkishólmi. Jákvæð umræða varð um fjarnám og möguleika þess.

*Niðurstaða:* Ákveðið var að skoða málið vel og að Magnús héldi áfram að kynna sér það.

## **6. Þróunarsetur**

Magnús kynnti fyrir nefndarmönnum skýrsluna “Þekkingarþörf og þróunarsetur í Stykkishólmi” eftir Jónas Guðmundsson hagfræðing. Skýrslan var rædd.

Þá var einnig kynnt á fundinum skýrsla Náttúrustofu Vesturlands um Náttúrufræðisafn og ferðapjónustu í Egilsenshúsi. Skýrslan var rædd og þótti hugmyndin mjög góð og vel fram sett.

Sæþór vék af fundi kl. 18:00.

## **7. Aðstoð við atvinnulífið**

Rætt var hvað hugsanlega væri hægt að gera til aðstoðar við atvinnulífið í Stykkishólmi. Magnús sagði frá því að í gegnum starf sitt og nám hafi hann kynnst mörgum mjög hæfum aðilum sem gætu miðlað af þekkingu sinni og reynslu hingað og lýsti sig reiðubúinn til þess að stuðla að því.

## **8. Loðnuveiðar í Breiðafirði**

Lögð voru fram á fundinum drög að bréfi frá atvinnumálanefnd, þar sem hún beinir því til bæjarstjórnar Stykkishólms að lagt verði til við sjávarútvegsráðherra að loðnuveiðar verði bannaðar í Breiðafirði innan línu sem dregin yrði frá Svörtuloftum í Látrabjarg, vegna þess hve lítið af loðnu nær inn í Breiðafjörð.

*Niðurstaða:* Ákveðið var að fullvinna drögin og senda bæjarstjórn.

Fundi var slitið kl. 18:25.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 4. nóvember nk. kl. 17:00.

*Fundargerðin var lesin yfir og samþykkt.*